



Skólaráð 16. desember 2018

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Kristinn Sverrisson og Jóhanna Gísladóttir fulltrúar kennara, Valens Torfi Ingimundarson og Rakel Ösp Hannah fulltrúar nemenda, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra og Kristín Björk Viðarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Sigrún Valdimarsdóttir, aðstoðarskólastjóri ritar fundargerð.

1. Framkvæmdir í Skólagerði.

Athuganir á rakaskemmdum í Skólagerði sýndu að myglusveppur reyndist vera í þremur kennslustofum og bekkir í þeim stofum voru strax færðir í önnur rými á meðan á hreinsun og lagfæring á sér stað. Hefur ekki verið langvarandi ástand þar sem mælingar sl. vor sýndu að ekki var myglusveppur. Skrifstofa skólastjóra er sérlega illa farin og verður færð þar sem nú er vinnuherbergi kennara. Sérfræðingur, Karl Georgsson verið stjórnendum og starfsmönnum Kópavogsbæjar innan handar og starfsmenn Kópavogsbæjar verið öllum stundum að lagfæra húsnæðið. Allir foreldrar nemenda í Skólagerði og starfsmenn skólans voru upplýstir strax um ástandið. Skólastjóri lýsir yfir þakklæti til starfsmanna skólans fyrir umburðarlyndi og þakkar starfsmönnum bæjarins einstaklega gott samstarf.

2. Nýtt mötuneyti

Nýtt mötuneyti verður tekið í gagnið 3. janúar og frá og með þeim degi verður eldað fyrir alla nemendur og starfsfólk í Vallargerði. Uppsetning eldhússins er á síðustu metrunum. Sama verð verður á máltíð og hjá Skólamat.

3. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans hefur verið birt á heimasíðu og tekur mið af úttekt Menntamálastofnunar (ytra mati) þar sem m.a. innra mat skólans kom ekki nægilega vel út og þarfnast úrbóta. Innra mats teymi er starfandi við skólann og mun vinna eftir áætluninni ásamt stjórnendum og kennurum. Skólastjóri er að velta fyrir sér möguleikum á að ráða verkefnastjóra yfir sjálfsmati skólans, tímabundið.

Úr umbótaáætlun; samstarf skólastjórnenda og foreldrafélagið. Skv. fulltrúa foreldrafélagsins er mikil deyfð yfir foreldrafélaginu, gengur illa að fá fólk í stjórn, meðlimir mæta illa á fundi, gengur illa að fá fólk til að vera bekkjarfulltrúa. Ítrekað hefur verið sendur póstur á foreldra og þeir hvattir til þátttöku, kennarar hafa talað við foreldra á námskynningum og ýmsum ráðum beitt en virðist ekki skila árangri. Formaður foreldrafélagsins ætlar að taka málið upp einu sinni enn við stjórnina.

4. Skóladagatal

Drög að skóladagatali lögð fyrir fundinn. Verður lagt fyrir kennarafund í janúar og eftir það sent inn á Menntasvið.

Lagt til að fjölga starfsdögum í ágúst og fækka í júní, úr 5/3 í 6/2. Vetrarfrí og starfsdagar samræmt milli Kársnesskóla, Kópavogsskóla og leikskóla þeirra hverfa. Umræður um lengd vetrarfrís, tillaga foreldra um að hafa eitt lengra frí hefur verið lögð fram oftari en einu sinni en ekki fengið hljómgrunn. Umræður um foreldradag, þarf að endurskoða fyrirkomulagið? Hvert er markmiðið með viðtölunum og hverju skila þau?

5. Skólalóð

Björg og Sigríður fóru á fund með garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar vegna fjármagns sem var úthlutunað til skólans úr íbúalýðræðisverkefninu *Okkar Kópavogur* sem var eyrnamerkt í skólalóð í Skólagerði. Efni fundarins var að ræða sveigjanleika þeirrar úthlutunar, að hægt sé að endurskoða hana og nýta fjármagnið í skólalóðina í Vallargerði. Forsendur hafa breyst því nú þegar hefur bætt úr skorti á leiktækjum á lóðinni sem tengdust verkefni bæjarins *Skemmtilegri skólalóðir*. Skólalóðin í Skólagerði er nýtt allan daginn af fjölda barna, en skólalóðin í Vallargerði er öðruvísi nýtt en þó allan skóladaginn. Uppi eru hugmyndir um að byggja við í Skólagerði í tengslum við fjölgun íbúða á Kársnesinu og á meðan ekki liggur fyrir hvernig þær framkvæmdir munu verða og hvort og hvernig skólalóðin mun breytast. Vangaveltur hvort eigi að setja fjármuni í skólalóðina í Skólagerði sem mögulega verður raskað innan örfárra ára eða hvort eigi að nýta þá í skólalóðina á Vallargerði. Nemendur benda á betri nýtingu á Vallargerðisvelli, t.d. að fá afgangsgras annars staðar frá og leggja á völlinn svo hægt sé að nýta hann betur. Í tengslum við verkefnið *Okkar Kópavogur* verður farið í hugmyndasamkeppni meðal Kópavogsbúa varðandi Vallagerðisvöllin á næsta ári.

Skólastjóri leggur fyrir ráðið tillögu þess efnis að skólinn hafi sveigjanleika til að leggja fram erindi til bæjaryfirvalda varðandi úthlutun úr *Okkar Kópavogur* og nýta í skólalóð í Vallargerði. Fimm samþykki og tveir ósammála.

6. Kirkjuferð á aðventu

Í desember fara 1. til 7. bekkir í kirkjuferð, hlusta á frásagnir af kristnu jólahaldi og tónlist. Heimsóknin er á forsendum skólans og trúboð á ekki að eiga sér stað. Allir nemendur fá val, þeir sem ekki vilja fara í kirkju er boðið að vera í skólanum í skipulagðri dagskrá á meðan á heimsókn stendur, undir umsjón kennara. Umræður og vangaveltur þar sem m.a. kom fram að einn fulltrúi gat ekki sagt af eða á um hvort hann styddi kirkjuheimsóknir.

Skólaráð samþykkir fyrirkomulag skólans með kirkjuheimsóknir á aðventu, 6 samþykkir, 1 óviss.

7. Önnur mál

Almenn ánægja fulltrúa skólaráðs með tímasetningu fundanna og hversu ört þeir eiga að vera yfir skólaveturinn.

Fundi slitið

Ritari: Sigrún Valdimarsdóttir